


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	MYL 103 Módelteikning Kennsluáætlun haust 2014	
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari: Björg Eiríksdóttir, BJE, bjorg@vma.is

Viðtalstími: miðvikuudaga 9:40-10:20

Áfangalýsing

Alhliða þjálfun í teiknifærni. Nemendur þjálfra hæfileikann til að umbreyta þrívíðu formi í tvívíða teikningu. Ýmsar aðferðir notaðar til þess að efla sjónskilning og sjónminni í teikningunni. Nemendur fá innsýn í stærðfræði og fagurfræði mannlíkamans og beita bæði agaðri og frjálsri teikningu í túlkun á fyrirmynd. Teiknað og mótað er eftir lifandi fyrirmynd, beinagrind og ljósmyndum, með viðarkolum, blýanti, bleki og leir m.a. Nemendur ígrunda verk sín í samvinnu við kennara og aðra nemendur.

Markmið

Að nemandinn með þjálfun

- dýpki skilning sinn á margbreytileika þeirra forma, hlutfalla og spennu sem mannlíkaminn býr yfir.
- dýpki skilning sinn á burðargetu og styrk beina- og vöðvabyggingar mannlíkamans.
- dýpki skilning sinn á þeim samhljómi sem er á milli módelteikningar og beina og vöðvabyggingar mannlíkamans.
- dýpki skilning sinn á þeirri tengingu, sem er milli hverskonar hönnunar og uppbyggingar mannlíkamans.
- dýpki skilning sinn á listrænni vinnu, að skynja og túlka það sem hann sér og upplifir.
- dýpki skilning sinn á verklegri færni við að teikna mannlíkamann.
- byggja teikningu sína á rannsóknarvinnu.
- ígrundi vinnu sína og beiti gagnrýnni hugsun í teiknináminu.



Samuel Bonilla

Námsmat

Próflaus áfangi. Öll verkefni nemenda eru metin með leiðsagnarmati, sjálfsmati og kennaramati. Tekið er tillit til verkanna sjálfra eða afrakstursins 45% og ferlisins eða hvernig nemandi ber sig að við vinnuna 50%. Mæting 5%.

Til grundvallar matinu er opinn hugur, frumleiki, vinna úr upplýsingum, ígrundun, rannsókn, listrænn skilningur, afrakstur í tengslum við ætlan, notkun grunnreglna, vald á efnunum og aðferðum.

Verkefni


1. Rannsóknarvinna, þar sem módelið er í löngum stöðum. Áhersla er lögð á að greina jafnvægi, hlutföll og hreyfingu í stöðunni og til þess notuð ýmsar hjálparaðferðir.
2. Hraðteikningar, leikur með mismunandi áhöld og aðferðir þar sem lögð er áhersla á túlkun og tjáningu.
3. Leirmótun, til hjálpar við að skynja þrívíða formið og yfirfæra það í tvívídd.
4. Vinna í skissubók heima og í skóla, nánari skoðun á módeli og teiknistíl.
5. Módel saga, mynddiskur, How Art Made the World.
6. Listamenn sem fást við mannlíkamann skoðaðir í bókum af safni og á netsíðum. Opið hús

Með fyrirvara um breytingar.

Gangi ykkur vel!

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án

ábyrgðar

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	MYL 103 Módelteikning Kennsluáætlun haust 2014	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2		

Undirritun kennara + dagsetning

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils